

Skýrsla landsmótsstjóra. Landsmót ÆSKP í Ólafsvík 25. – 27. október 2019.



Landsmót ÆSKP var að þessu sinni haldið í Ólafsvík 25. – 27. október 2019. Yfirskrift mótsins var skapandi Landsmót

Í ár horfðum við til þess sem við getum gert, kraftinn sem býr innra með okkur og æfum okkur í að virkja hæfileikana okkar. Við skoðuðum og þroskuðum okkur sjálf í gegnum leiki, verkefni og listir. Hver og einn þátttakandi fékk tækifæri til að finna hvað hreyfir við sköpunargleðinni.

Við vildum minna á að það er svo margt sem við getum gert sem veitir okkur gleði og hamingju og á mótinu fögnuðum við sköpuninni og fá að skapa sjálf. Þegar við búum eitthvað til þá erum við á sama tíma að opna okkur við þurfum að treysta okkur sjálfum og þeim sem eru í kringum okkur. Að vinna í hóp að skapandi verkefni reynir á félagsleg samskipti og byggir traust.

Við erum sköpunarverk Guðs og líkt og þegar við leggjum okkur fram við að vernda náttúruna þá skiptir máli að við leggjum okkur fram um að vernda, styrkja og efla okkur sjálf. Að við leitum þess sem veitir okkur hamingju.

Tengsl við hjálparstarfið

Samhliða undirbúningi fyrir landsmót hvöttum við æskulýðsfélögin til þess að taka þátt í að selja „Gjöf sem gefur“ gjafabréf hjálparstarfsins. Auk þess mun ágóðinn af sjoppunni renna til hjálparstarfsins.

Í mótsnefnd voru Óskar Ingi Ingason, landsmótsstjóri, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, formaður ÆSKP og umsjón með fræðslu, Katrín Helga Ágústsdóttir, Sigurður Óskar Óskarsson, Daníel Ágúst Gautason, Konný Björk Jónsdóttir, Berglind Hönnudóttir, Sóley Adda Egilsdóttir, Aldís Elva Sveinsdóttir og Anna Lilja Steinsdóttir.

Undirbúningur móts

Þó að landsmót sé á hverju ári og mikil reynsla á að halda slík mót, er undirbúningurinn mikill og að mörgu að huga. Nefndin vinnur þetta í sjálfböðavinnu og er það algjörlega ómetanlegt. Undirbúningurinn hjá nefndinni hófst formlega með ferð formanns, framkvæmdastjóra og gjaldkera til Ólafsvíkur 19. júní 2018. Undirritaður tók á móti þeim. Dagurinn var vel nýttur og heimsóttum við grunnskólana í Ólafsvík og á Hellissandi, íþróttahúsin, sundlaugina, kirkjuna og félagsheimilið. Eftir þessa heimsókn var hægt að kortleggja næstu skref. Í undirbúningum var nauðsynlegt fyrir nefndina að heimsækja landsmótsstaðinn til að gera sér vel grein fyrir aðstæðum.



Samið var við hina ýmsu aðila um þjónustu. Grunnskólinn í Ólafsvík var nýttur í gistingu, safnaðarheimilið nýtt í gistingu í eina nótt fyrir sjálfböðaliða.

Skapandi landsmót

Dagskrá mótsins fór nánast öll fram í félagsheimilinu Klifi þ.e kvöldvökur, helgistundir, fræðsla, hæfileikakeppni, ball. Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir, setti mótið í Klifi. Í sundlauginni

var sundlaugarpartý á föstudegi og tókst það afar vel. Á föstudeginum var einnig teningarattleikur sem fór fram víðs vegar um Ólafsvík.

Hópastarf á skapandi landsmóti tókst ljómandi vel og var dreifðir hópar um félagsheimili, kirkju, safnðarheimili, íþróttahús og skóla. Samið var við kvenfélag Ólafsvíkur til að sjá um matinn á mótinu og gekk það samstarf mjög vel. Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, formaður ÆSKÞ sá um fræðsluna.

Hljómsveitin Melaphobia sá um tónlistina í helgistundum mótsins. Helgistund á föstudeginum sá Magnús Magnússon, prestur á Hvammstanga um helgistundina og á laugardeginum Arnór Bjarki Blomsterberg prestur í Tjarnaprestakalli. Staðarprestur, Óskar Ingi Ingason þjónaði fyrir altari, ásamt Kristjáni Björnssyni vígslubiskup, sem prédikaði við guðþjónustu í Ólafsvíkurkirkju á sunnudeginum. Messan var með nokkuð hefðbundnu sniði, tveir félagar úr hljómsveit mótsins, Melaphopia, leiddu tónlistina.

Sjálfbóðaliðar

Sjálfbóðaliðar mótsins stóðu sig frábærlega og vann hver sem margur væri, en gott væri að huga vel að þeim fyrir næsta mót að fjöldinn sé meiri.

Það voru forréttindi að fá að vinna með landsmótsnefnd og taka þátt í mótinu. Allir stóðu sig sem hetjur og skiluðu verkefnum sínum framúrskarandi.

Mikilvægt er að minnast hluta samfélagsins þar sem landsmót er haldið. Jákvæðni og stuðningur þar skiptir öllu máli, ekki síst hjá sveitafélagi. Án þeirra stuðnings og framlags í formi láns á húsnæði væri ekki fjárhagslega mögulegt að halda slíkt mót. Við erum því afar þakklát sveitarfélaginu í Snæfellsbæ fyrir góðar móttökur á landsmóti.

Óskar Ingi Ingason, landsmótsstjóri ÆSKÞ 2019.